



Velkomin í leikskólann Baug

Leikskólinn Baugur var opnaður í október 2007. Heildarrými leikskólans er $1050,7\text{m}^2$ eða $6,9\text{m}^2$ á hvert barn, leikrými: 538m^2 sem gerir $3,5\text{m}^2$ á barn. Leikskólinn Baugur er átta deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum eins til sex ára.

Leikskólinn skiptist í þrennt, tveir gangar með þremur deildum hvor og lausar stofur með tveimur deildum. Á yngri gangi eru deildarnar, Lundur, Brekka og Klettur. Á eldri gangi eru deildarnar, Mýri, Foss og Tjörn. Í litla Baugi eru Hlíð og Rjóður. Baugur er opinn leikskóli, þ.e. að deildirnar eru ekki mjög stórar, en stór svæði skólans eru samnýtt af öllum deildum, s.s. hreyfisalur, listasmiðjur, bókasafn o.fl. Í miðju hússins er matsalur sem er nýttur af fimm deildum leikskólans, á Lundi, Hlíð og Rjóðri er borðað inni á deildunum.

Leikskólinn er staðsettur í Kórahverfi í Kópavogi þar sem stutt er í útivistarsvæðið í Leirdalnum, Heiðmörkina og aðrar náttúruperlur. Unnið er eftir hugmyndafræði Reggio Emilia sem á uppruna sinn í borginni Reggio Emilia á Ítalíu. Upphafismaður hennar var sálfræðingurinn og kennarinn Loriz Malaguzzi. Hann leit á börn sem gullnámu og taldi að hlutverk hinna fullorðnu væri að fá gullið til að glóa.

Foreldrar og börn saman í aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að það fari fram af öryggi, festu og alúð. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum þeirra og



valda streitu. Til að auðvelda aðallega börnum en líka foreldrum og starfsfólki umskiptin, hefur í gegnum tíðina tíðkast að setja upp sérstakt skipulag í leikskólum, sem gengur undir nafninu aðlögun. Það einkennir núverandi aðlögun að athyglin beinist fyrst og fremst að börnunum, henni er ætlað að létta þeim aðskilnaðinn. Börnin kynnast starfsfólkinu smám saman og traust skapast milli þeirra. Hin síðari ár hefur jafnframt verið lögð áhersla á að eitt markmið aðlögunar sé að foreldrum gefist tækifæri til að kynnast starfsfólki og treysta því. Í dag er ríkjandi hugmynd innan leikskólafræðanna að leikskólinn sé ekki staðgengill heimilisins og starfsfólkið þar af leiðandi ekki staðgenglar foreldra. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman, staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er hin nýja aðlögun sem nefnd hefur verið þátttökuaðlögun. Hún byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað.


Þátttökuaðlögun:

- Ein lykilmanneskja annast aðlögun barnsins. Hún tekur á móti barninu og gefur sér góðan tíma til að kynnast því.
- Foreldrar eru með barninu sínum fyrstu þrjá dagana í aðlöguninni.
- Foreldrarnir eru inni á deild með barninu allan tímann (nema þegar þau sofa).
- Foreldrar sinna barninu, skipta á því, gefa að borða og eru til staðar.
- Á fjórða degi koma börnin um morguninn kveðja foreldra og eru svo allan daginn.

Hugmyndafræðin á bak við þátttökuaðlögun er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. **Öruggir foreldrar = örugg börn.** Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Annar kostur er að foreldrar tengjast hver öðrum og milli þeirra skapast oft vinskapur.

Leikskólastarf

Leikskólastarf á Íslandi byggist á lögum um leikskóla og *Aðalnámskrá leikskóla* sem menntamálaráðuneytið gefur út. Leikskóli er lögum samkvæmt uppeldis- og menntastofnun, skóli þar sem barnið lærir og þroskast í leik.



[http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3952](http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/nr/3952)


Leikskólanám

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barnsins.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, kennsluaðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér og læra sama og að leita sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur er talinn „leikur leikjanna“. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í leik.

Segja má að leikskólanámið sé samfelld lífsleikninám þar sem **samskipti og virðing** skipta miklu máli. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Við hvetjum barnið ykkar til að sýna öðrum umburðarlyndi, vináttu, hjálpsemi og gleði.

LEIKSKÓLAPERLAN



Sérstök hugmyndafræði

Einkunnarorð leikskólans eru „skynjun, uppgötvun og þekking“



Á Baugi er unnið eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Galdurinn felst í því að gefa börnunum tækifæri og tíma til að "skynja og uppgötva". Í starfinu með börnunum eru notaðar opnar spurningar, "hvað, hvernig og hvers vegna". Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og takmarkalaust traust og virðingu fyrir börnunum og getu þeirra til að afla sér reynslu og þekkingar. Nauðsynlegt er að hafa trú og virðingu á getu barnanna til að afla sér reynslu og þekkingar á þeirra forsendum en ekki væntingum fullorðinna. Í Reggio Emilia er áhersla lögð á að kennararnir í leikskólum séu ekki eingöngu leikskólakennararnir heldur eru börnin og umhverfið einnig kennararnir. Eðlilegt er að menning og umhverfi hvers skóla birtist innan veggja skólans.

Meginmarkmið hugmyndafræði Reggio Emilia er að hvetja barnið til þess að nota öll sín skilningarvit, „**málin sín hundrað**“. Við störfum einnig markvisst að því að virkja frumlega og skapandi hugsun hjá barninu. Í starfi er lögð áhersla á trú á getu barnsins til að afla sér reynslu og þekkingar á sínum eigin forsendum.

Á Baugi er stuðst við uppeldisfræðilegar skráningar, sem gera starf leikskólans sýnilegt og varpar ljósi á rödd barnsins. Uppeldisfræðileg skráning minnir barnið á hvað það var að gera, eflir sjálfsvitund þess og auðveldar kennurum að fylgjast

með því. Hún gefur vitneskju um hvernig barnið lærir, hvernig félagsþroski þess mótask og hvernig það upplifir sig sjálft sem einstakling sem getur, kann og spyr spurninga í leit að svörum. Mikilvægt er að hafa hugfast að upveldisfræðileg skráning er ekki og á ekki að vera atferlisathugun! Heldur fyrst og fremst aðferð til að auka skilning á því sem er að gerast í leikskólanum (Dalberg, 1999).

Stöðvavinna

Stöðvavinna er á dagskrá allt að þrisvar í viku (mismunandi eftir deildum) og námsstöðvarnar unnar út frá áhuga barnanna. Stöðvavinnan er m.a. nálgun að hugmyndafræði Reggio Emilia. Með stöðvavinnu er markmiðið að ná megininntaki



Reggio Emilia starfsaðferðarinnar þar sem notuð eru lýðræðisleg vinnubrögð. Kennarinn er samverkamaður sem hlustar á rödd barnsins og einstaklingnum er gefið svigrúm til að uppgötva hæfni sína og getu. Kennarar þurfa að vera tilbúnir að grípa hugmyndir barnanna á lofti.

Lýðræði skipar stóran sess í stöðvavinnu vegna þess að þar er mikil samvinna. Með samvinnu, bæði fullorðinna og barna, fæst dýpri og betri þekking og skilningur á viðfangsefnum heldur en ella fengist.

Stöðvavinna er:

- Starfsaðferð sem hentar vel til að nálgast áhugasvið barna
- Starfsaðferð þar sem börnin vinna á sínum forsendum, út frá sínum áhuga
- Auðveld leið til að skapa umhverfi þar sem hægt er að hafa í boði mismunandi efnivið til að vinna með, rannsaka og finna úrlausnir.

- „Verkfæri“ eða vinnuaðferð sem getur tekið á og þjálfað marga þroskapætti í einu, þar á meðal eru þeir námspættir sem *Aðalnámskrá leikskóla* byggir á og leikskólarnir vinna eftir
- Góð leið til að minna börnin á hvað þau hafi sagt áður, rifja upp með þeim fyrri spurningar þeirra, tillögur og viðbrögð.
- Gefur kost á að fylgjast með hvað börnin gera og hvernig þau gera það
- Eflir sjálfsstæði barna, virkni og sköpun
- Börnin læra að vinna saman, í stórum eða litlum hópum

Daglegt líf í leikskóla

Á Baugi fléttast námssvið og námspættir inn í daglegt líf og leik barnsins. Sagt er að allur fjarsjóður heimsins búi í hversdagsleikanum en galdurinn felst í því að gefa barninu tækifæri og tíma til að skynja, uppgötva og þekkja. Á þeim forsendum byggjum við daglegt líf barnsins í leikskólanum.

Sjálfsbjörg og sjálfstæði við borðhald, hvíld, hreinlæti og klæðnað eru mikilvægir þættir í námi barnsins. Það hjálpar sér sjálft eftir því sem þroski þess og geta leyfir.

Matartímar og **borðhald** hafa uppeldislegt gildi og áhersla er lögð á að barnið fái hollan og fjölbreyttan mat. Í matartímanum gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna við borðið. Þegar barnið hefur vald á þá skammtar það sér sjálft á diskinn, notar gaffal og hníf, hellir í glasið sitt og gengur frá. Matseðillinn er aðgengilegur í fataherbergjum og á heimasíðu.



Svefn og hvíld er barninu nauðsynleg og er því kyrrlát hvíldarstund á degi hverjum eftir hádegisverð. Yngstu börnin sofna en þau eldri hlusta á sögu, tónlist, spjalla eða fara í rólegan leik.




Hreinlæti er liður í uppeldisstarfinu. Við aðstoðum barnið að tileinka sér góðar venjur s.s. að þvo hendur fyrir máltíðir, eftir útiveru og eftir salernisnotkun.

Frágangur og snyrtimennska er liður í uppeldi og menntun og leggjum við því áherslu á að barnið gangi frá fatnaði sínum, leikföngum og þeim efniviði sem það er að vinna með hverju sinni.



Að klæða sig úr og í er liður í námi barnsins. Barnið klæðir sig sjálft, en fær þá aðstoð sem það þarfnast.



Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir málörvun og félagsþroska barnsins. Í

samverustundum eru lesnar og sagðar sögur, sungið, farið í leiki og spjallað. Barnið fær þar tækifæri til að tjá sig og lærir að hlusta á aðra. Samverustundir eru á hverjum degi.



Útivera er barninu holl, hún styrkir og eflir og þar gefast ótal tækifæri til náms og leikja. Öll börn fara út einu sinni á dag yfir veturinn ef veður leyfir, en með hækkandi sól eykst útiveran.



Vettvangsferðir auka víðsýni og efla tengsl barnsins við umhverfið og menningu okkar. Farið er í lengri og skemmri vettvangsferðir.

Sérkennsla

Í margbreytilegum hópi barna eru misjafnar þarfir. Sett eru þau markmið að skapa öllum börnum leikskólans aðstöðu til að i þroskast og nema sem best á eigin forsendum. Leikskólinn hefur aðgang að stoðþjónustu leikskóladeildar Kópavogs. Þar starfa meðal annars talmeinafræðingur, iðjuþjálfari og sálfræðingur. Sérkennslustjóri sér um að leita eftir viðeigandi þjónustu í samráði við foreldra.

Starfsmenn vinna að **áætlun** fyrir leikskólaárið. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri vinna **ársskýrslu** liðins árs. Framangreint er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.

Leikskóladagatalið er birt á heimasíðu leikskólans, en þar eru allir viðburðir tilgreindir með fyrirvara um breytingar.



Hagnýtar upplýsingar

Á Baugi er lögð áhesla á að **taka vel móti** börnunum á morgnanna svo þau finni sig velkomin. Það er mikilvægt að foreldrar gefi sér tíma þegar komið er í leikskólann og einnig þegar barnið er sótt.

Þegar mætt er að morgni er æskilegt að barninu sé fylgt á sína deild. **Þegar barnið er sótt** er nauðsynlegt að þið látið starfsmann vita að þið séuð að fara. Þetta tryggir góða samvinnu og samskipti heimilis og skóla en er jafnframt mikið öryggisatriði í starfi leikskólans.

Við bjóða upp á **morgunmat**, hafragraut á mánu-, miðviku- og fimmtudaga, þriðjudaga eru hafrahringir (Cherrios) og föstudaga er ristað brauð með osti frá klukkan 8:00-8:20.

Hádegis og síðdegishressing, lögð er áhersla á að bjóða upp á eins ferskan og lítið unninn mat og kostur er.

Sé barn með **fæðuofnæmi** skal framvísa læknisvottorði, þar sem tekið er fram um hvers konar ofnæmi sé að ræða.

Ávaxtastund er á milli 9:00-10:00, mismunandi eftir deildum.

Afmælisdagurinn er stór dagur í lífi hvers barns.

Þennan dag mega þau koma í búning/sparifötum.

Barninu er boðið að bera afmælisstökkju og búa til kórónu.

Við syngjum fyrir barnið og því boðið að velja sér disk og glas sem eingöngu er í boði á afmælisdögum. Tekin er ljósmynd af afmælisbarninu og sett á töflu á viðkomandi deild.



Hvað má hafa með sér í leikskólann. Bók, bangsa, sögu eða tónlistar disk. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að virða þessar reglur þar sem að annað getur skapað togstreitu og óöryggi í barnahópnum.

Útskrift. Þegar barnið útskrifast af leikskólanum höldum við útskriftarveislu og er foreldrum, systkinum, ömmu og afa boðið. Einnig fara börnin ásamt kennurum sínum í útskriftarferð.



Persónuleg hirsla. Börnin geyma persónulega muni í **skúffu** inni á deild sem þau hafa afnot af.

Mikilvægt er að klæðnaður barnsins ykkar sé þægilegur og hæfi veðri og þeirri starfsemi sem á sér stað í leikskólanum. Ef barnið notar bleiu ber ykkur að koma með þær að heiman. Nauðsynlegt er að barnið hafi með sér aukafatnað og að fötin séu vel merkt.




Fatnaður: Gott er að merkja allan fatnað. Nauðsynlegt er að hafa a.m.k. einn umgang af fötum fyrir utan regnfatnað og hlý föt í plastkössum sem er í hólfi hvers barns. Minnum á að í leikskólanum er unnið með lím, liti og málningu sem

getur festst í fatnaði, því er mikilvægt að hafa börnin í fatnaði sem ykkur er ekki annst um.

Lyf: Samkvæmt ráði Heilsugæslulækna "Lyfjagjafir á leikskólatíma eru í flestum tilfellum óþarfar, því aðeins í undantekningartilvikum þarf að gefa lyf oftar en þrisvar á dag. Og þó að lyfið þurfi að gefa þrisvar, þá skiptir ekki máli þótt rúmir 8 tímar líði á milli gjafa. Undantekningar á þessu gætu verið sykursýkis-, asthma- og ofnæmislyf og hugsanlega lyf við ofvirkni. Í slíkum tilvikum er ráðlegt að fá skrifleg fyrirmæli frá lækni til að sýna leikskólastarfsmönnum".

Fatahólfíð í forstofu er eingöngu ætlað fyrir fatnað, því ber ykkur að taka tösku barnsins heim eftir að þið hafið gengið frá aukafatnaðinum. Fatahólfíð ber ykkur **að tæma** á föstudögum vegna þrifa.



Vinsamlegast látið okkur vita ef barnið ykkar er **fjarverandi**. Það er mikilvægt fyrir viðkomandi deild að fá upplýsingar um það með tilliti til skipulags starfsins.

Friðartími er frá 11.00 - 13.00 vinsamlega komið með börnin fyrir þann tíma eða eftir. Því erfitt er að fá börn inn í miðja matar- og hvíldartíma.

Ykkur er skylt að tilkynna okkur ef breytingar verða á högum ykkar t.d. á heimilisfangi, símanúmeri eða hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að starfsmenn viti af breytingum í lífi barns t.d. ef alvarleg veikindi verða í fjölskyldunni eða dauðsfall sem getur haft áhrif á líðan barnsins og hegðun.

Þið skrifið undir dvalarsamning þegar barnið byrjar. Á hann er skráður dvalartími barnsins og ber ykkur að virða dvalartímann sem samið er um. Vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til hans. Ef þið óskið eftir breytingu á dvalartímanum þá sækið þið um það hjá leikskólastjóra.

Dvalargjald er innheimt í heimabanka. Dvalargjald er greitt fyrirfram og er eindagi 10. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir. Ef þrír mánuðir eru ógreiddir er ykkur sagt upp dvalarsamningnum, en áður er sent út áminningarbréf.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þótt barnið ykkar sé fjarverandi greiðið þið fyrir leikskóladvölinu nema ef um er að ræða samfelld veikindi í meira en hálfan mánuð en þá fæst fæðisgjald endurgreitt fyrir þann tíma gegn framvísun læknisvottorðs. Ef þið eruð einstæð, með barn hjá dagforeldri eða námsmenn í fullu námi greiðið þið lægra gjald gegn framvísun vottorða.

Börn í leikskólum Kópavogsbæjar eru **slysatryggð** á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barnið verður fyrir slysi eða veikist er haft samband við ykkur. Náist ekki í ykkur eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið beint með barnið á slysadeild eða heilsugæslustöð.

Trygging tekur ekki til óhappa sem verða á fötum barnsins, gleraugum eða öðru sem það hefur með sér í leikskólann.

Skipulagsdagar eru 5 á ári og eru auglýstir með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara. Þessa daga er lokað. Skipulagsdaga notar starfsfólkið til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starfið. Þeir nýtast einnig í námskeið og fyrirlestra.

Sumarleyfislokun er 4 vikur. Ákvörðun um tímabil sumarleyfislokunar er tekin af leikskólanefnd. Leikskólinn sendir út sumarleyfiskönnun til foreldra, þar sem þeir kjósa um 2 - 3 tímabil. Það tímabil sem mest er valið, verður fyrir valinu.

Síðasta dag fyrir **sumarleyfi lokar** leikskólinn kl. 13:00 of fyrsta dag að loknu sumarleyfi **opnar** leikskólinn aftur kl. 13:00.

Leikskólinn er **lokaður** á aðfangadag og gamlársgang.

Foreldrasamtal er einu sinni á ári en að sjálfsögðu er hægt að óskað eftir samtali þegar ykkur finnst þörf á því. Á haustin er **aðalfundur** foreldrafélagsins og foreldrafundur. Sjá nánar um foreldrafélag og foreldraráð á heimasíðu: baugur.kopavogur.is

Fyrir framan hverja deild er tafla sem notuð er til að koma á framfæri skilaboðum til ykkar. Þið eruð hvött til að fylgjast vel með þeim.

Samstarfið við foreldra er leikskólanum mikilvægt og þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum.

Starfsmenn leikskólans eru bundnir þagnarskyldu og þær upplýsingar sem þeir fá um börnin eru trúnaðarmál. Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi.

Munið að þið eruð ávallt velkomin í leikskólann.

Með vinsemd og ósk um gott og ánægjulegt samstarf

Leikskólinn heyrir undir leikskóladeild, fræðslu- og menningarsviðs Kópavogs sem er til húsa í Fannborg 2, 2. hæð. Fræðslu- og menningarsvið annast stjórn, rekstur og þjónustu vegna menntunar- menningar- og íþróttamála í Kópavogi.

Leikskólafulltrúi er yfirmaður leikskóladeildar og jafnframt leikskólastjóra og hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri leikskólanna.

Sérkennslufulltrúi sinnir ráðgjöf við starfsmenn leikskóla og foreldra vegna sérkennslubarna.

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi leikskólans.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra og er honum til ráðuneytis um stjórnun leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á og annast daglega verkstjórn á deildinni, barnahópnum og hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur starfa í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu.

Leikskólakennarar, þroskajálfa og leiðbeinendur starfa á deildum vegna sérkennslu einstakra barna.

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum, sinnir sérkennslu og er til ráðuneytis.

Starfslýsingar félagsmanna í FL eru að finna á netslóðinni:
<http://fl.ki.is/?PageID=1188>

Matráður og aðstoðarmatráður sjá um matinn og þvotta.

ISS sér um þrif